



LANDSBANKINN HF. | KT. 471008-0280 | LANDSBANKINN.IS

Uppgjör Landsbankans fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2025

Fréttatilkynning 30. apríl 2025

Fréttatilkynning 30. apríl 2025

Uppgjör Landsbankans fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2025

- Hagnaður Landsbankans á fyrstu þremur mánuðum ársins 2025 nam 7,9 milljörðum króna eftir skatta, samanborið við 7,2 milljarða króna hagnað á sama tíma í fyrra.
- Arðsemi eiginfjár á tímabilinu var 10,0% samanborið við 9,3% á sama tímabili árið áður.
- Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna nam 2,7%, samanborið við 2,9% á sama tímabili 2024. Vaxtamunur heimila var 2,1% og er hann sá sami og árið 2024.
- Hreinar vaxtatekjur voru 14,8 milljarðar króna og hreinar þjónustutekjur voru 3,0 milljarðar króna. Báðir liðir hækka á milli ára.
- Kostnaðarhlutfallið var 38,7%, samanborið við 33,6% á sama tímabili árið 2024.
- Eiginfjárlutfall í lok tímabilsins var 23,6% en fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands gerir heildarkröfu um 20,4% eiginfjárgrunn.
- Bankinn lauk í febrúar við sölu verðbréfa sem telja til viðbótar eiginfjárpáttar 1 (e. Additional Tier 1 securities (AT1)) að fjárhæð 100 milljónir bandaríkjadala en um var að ræða fyrstu AT1 útgáfu bankans. Þá gaf bankinn út víkjandi forgangsbréf fyrir 500 milljónir í norskum krónum annars vegar og 1.300 milljónir í sænskum krónum hins vegar. Mikil umframeftirspurn var eftir bréfunum.
- Á aðalfundi bankans þann 19. mars 2025 var samþykkt að greiða 18,9 milljarða króna í arð til hluthafa. Heildararðgreiðslur bankans frá 2013 munu því nema 210,6 milljörðum króna í lok árs.
- Uppgjör og afhending hlutafjár vegna kaupa Landsbankans á TM tryggingum hf. fór fram 28. febrúar 2025 og tók bankinn þá við rekstri félagsins.

Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, segir:

„Afkoma bankans á fyrstu þremur mánuðum ársins var traust. Hagnaðurinn nam 7,9 milljörðum króna og arðsemi eiginfjár var 10,0%, samanborið við 9,3% á sama tímabili í fyrra.

Uppgjörið nú er það fyrsta síðan bankinn tók við rekstri TM og samvinnan fer vel af stað. Á þessum fyrstu vikum frá því kaupin gengu í gegn hefur mikið áunnist, m.a. hafa þrjú útibú bankans og TM verið sameinuð og lokið var við flókna yfirfærslu á tölvukerfum. Við finnum fyrir velvild og áhuga á þessum breytingum hjá viðskiptavinum og munum kynna ýmsar nýjungar í tryggingaþjónustu áður en langt um líður. Rekstur tryggingafélags og banka fer vel saman og býður upp á möguleika á betri og fjölbreyttari fjármálaþjónustu. TM kemur inn í uppgjör bankans frá byrjun mars og uppgjórið sýnir því einn mánuð af rekstri félagsins. Afkoma af váttryggingarstarfsemi var góð í mars en lækkun á fjárfestingareignum vegna óróa á fjármagnsmörkuðum varð til þess að heildarafkoman var neikvæð.

Á Akureyri sameinaðist starfsemi Landsbankans og TM í nýju og glæsilegu húsnæði við Hofsbót í hjarta bæjarins. Landsbankinn er með samtengda þjónustu um land allt og ásamt frábæru appi og netbanka geta viðskiptavinir fengið persónulega þjónustu hjá starfsfólki 34 útibúa um allt land, í öflugri þjónustuveru bankans auk þess sem spjallmennið á landsbankinn.is leysir úr mörgum fyrirspurnum. Við sjáum að það er ánægja með þjónustu bankans sem við rekjum beint til öflugrar og samþættrar þjónustu, sanngjarnra kjara og frábærs starfsfólks.

Á mánudaginn var tilkynnt um að alþjóðlega matsfyrirtækið S&P hefði hækkað lánshæfismat bankans upp í A-flokk, úr BBB+ í A-. Við erum hæstánægð með breytinguna enda höfum við markvisst unnið að því að hækka lánshæfi bankans með því að bæta fjármagnsskipan hans. Undanfarin ár hafa kröfur til kerfislega mikilvægra banka um fjármagnsskipan aukist og því felst mikil viðurkenning í niðurstöðu S&P. Hærri lánshæfiseinkunn endurspeglar góðan aðgang bankans að mörkuðum, traustan rekstur og að bankinn er vel fjármagnaður.

Óróleiki á mörkuðum og óvissa í alþjóðamálum setti mark sitt á fjórðunginn með ýmsum hætti. Hægt hefur á útlánavexti, bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum, sem sum hver bíða átektar með fjárfestingar og aðrar ákvarðanir. Við þessar aðstæður er gott að vita til þess að almennt er fjárhagsstaða fyrirtækja og einstaklinga sterk. Í óvissu leynast líka oft tækifæri og á fjórðungnum luku Landsbréf við fjármögnun á nýjum 15 milljarða króna framtakssjóði, Horni V, sem fylgir eftir góðum árangri hinna fjögurra Hornssjóðanna sem á undan komu.

Landsbankinn býður áfram mjög samkeppnishæfa vexti bæði í innlánnum og útlánnum. Traustur rekstur bankans gerir okkur kleift að viðhalda 2,1% vaxtamun heimila en skila jafnframt ásættanlegri arðsemi í rekstri bankans og greiða hluthöfum jafnan arð. Bankinn er með ánægðustu viðskiptavinum meðal viðskiptabankanna. Árangur bankans er góður og starfsfólk leggur sig fram við að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu. Þrátt fyrir krefjandi ytra umhverfi er bankinn í sterkri stöðu til að styðja við íslenskt samfélag.“

Helstu atriði úr rekstri og efnahag á fyrsta ársfjórðungi (1F) 2025

Rekstur:

- Hagnaður á 1F 2025 nam 7,9 milljörðum króna eftir skatta, samanborið við 7,2 milljarða króna hagnað á sama tímabili árið 2024.
- Arðsemi eiginfjár var 10,0% á 1F 2025, samanborið við 9,3% á sama tímabili 2024.
- Hreinar vaxtatekjur voru 14,8 milljarðar króna en þær námu 14,4 milljörðum króna á sama tímabili 2024.
- Hreinar þjónustutekjur námu 3 milljörðum króna en voru 2,7 milljarðar króna á 1F 2024.
- Virðisbreyting útlána og krafna var neikvæð um 331 milljón króna á 1F 2025.
- Uppgjör og afhending á TM tryggingum hf. fór fram 28. febrúar 2025, en samkvæmt drögum að kaupverðsaðlögun er endanlegt heildar kaupverð 32,2 milljarðar króna. TM er flokkað sem dótturfélag Landsbankans frá afhendingardegi og tap af rekstri TM á tímabilinu 28. febrúar til 31. mars 2025 að fjárhæð 347 milljónir króna, er fært í samstæðureikninginn.

Efnahagur:

- Útlán jukust um 0,3% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2025, eða um 5,7 milljarða króna. Útlán til einstaklinga jukust um 2,3 milljarða króna. Útlán til fyrirtækja jukust um 8,7 milljarða króna en vegna gengisáhrifa að fjárhæð 5,2 milljarðar króna er heildaraukningin 3,5 milljarðar króna.
- Innlán jukust um 1,3% frá áramótum, eða um 15,8 milljarða króna. Innstæður á sparireikningum í appi jukust um 6,6%.
- Bankinn fylgist náið með og stýrir lausafjárahættu sinni í heild, í erlendum myntum og í íslenskum krónum. Lausafjárhlutfall bankans var 221% í lok 1F 2025, samanborið við 272% í lok 1F 2024.

Lykiltölur samstæðunnar

REKSTUR	1F 2025	1F 2024	Breyting	Breyting%	2024	2023		
Fjárhæðir í milljónum króna								
Hagnaður tímabilsins	7.940	7.156	784	11,0%	37.508	33.167		
Hreinar vaxtatekjur	14.800	14.383	417	2,9%	57.197	57.559		
Hreinar þjónustutekjur	3.004	2.736	268	9,8%	11.405	11.153		
Afkoma af váttryggingasamningum	270	0	270					
Aðrar rekstrartekjur	1.086	442	644	145,7%	11.101	5.136		
Rekstrartekjur	19.160	17.561	1.599	9,1%	79.703	73.848		
Laun og launatengd gjöld	(4.465)	(4.233)	(232)	5,5%	(16.534)	(15.866)		
Annar rekstrarkostnaður	(3.068)	(2.586)	(482)	18,6%	(10.202)	(10.092)		
Rekstrargjöld	(8.204)	(7.419)	(785)	10,6%	(29.333)	(28.248)		
EFNAHAGUR	31.3.2025	31.3.2024	Breyting	Breyting%	31.3.2025	31.12.2024	Breyting	Breyting%
Heildareignir	2.257.092	2.032.436	224.656	11,1%	2.257.092	2.181.759	75.333	3,5%
Útlán til viðskiptavina	1.813.168	1.667.343	145.825	8,7%	1.813.168	1.807.437	5.731	0,3%
Innlán frá viðskiptavinum	1.244.229	1.103.350	140.879	12,8%	1.244.229	1.228.444	15.785	1,3%
Eigið fé	313.698	310.828	2.870	0,9%	313.698	324.649	-10.951	-3,4%
KENNITÖLUR	1F 2025	1F 2024			31.12.2024	31.12.2023		
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	10,0%	9,3%			12,1%	11,6%		
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu eigna	2,7%	2,9%			2,7%	3,0%		
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	1,4%	1,4%			1,3%	1,4%		
Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)*	38,7%	33,6%			32,4%	33,7%		
Samsett hlutfall	84,8%							
	31.3.2025	31.3.2024			31.12.2024	31.12.2023		
Eiginfjárlutfall alls	23,6%	24,9%			24,30%	23,60%		
Samtals MREL fjármögnun	38,1%	39,6%			38,20%	37,90%		
Samtals undirskipuð MREL fjármögnun	26,3%				25,50%	23,60%		
Gjaldþolshlutfall	1,38							
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	161%	157%			143%	145%		
Heildarlausafjárþekja	221%	272%			164%	181%		
Lausafjárþekja erlendra mynta EUR	1.197%	947%			951%	1.499%		
Vandræðalán	1,1%	1,0%			1,1%	1,0%		
Meðalstöðugildi	861	824			811	849		
Stöðugildi í lok tímabils	926	826			822	817		

*K/T = Rekstrargjöld alls/(Hreinar rekstrartekjur – virðisbreytingar útlána).

Fjárhagsdagatal Landsbankans

- 2F 2025 17. júlí 2025
- 3F 2025 23. október 2025
- Ársuppgjör 2025 29. janúar 2026